

## Skólaráðsfundur 14.11.2016

Mættir: Jóhanna skólastjóri, Guðrún Ingibjörg, Freyja Ólafsdóttir, Erla Björnsdóttir, Ólöf K Sívertsen, Þorbjörg Jensdóttir, Jóhanna L. Hjörleifsdóttir.

Fundarstjóri: Jóhanna Magnúsdóttir

Dagskrá fundar:

1. Kynning nýrra skólaráðsmanna  
Kynning á nýjum skólaráðsmönnum, vantar fulltrúa nemenda. Tillaga frá JH að það yrði einn kosinn úr 9. bekk til 2ja ára og einn úr 10. bekk. Mikilvægt að það sé tenging inn í nemendaráð og því var lagt til að nemandi sem kosinn er inn í skólaráð hljóti sjálfkrafa sæti í nemendaráði, ef hann á ekki sæti þar fyrir. JM mun kynna þetta fyrir unglिंगadeildinni og sér um nánari útfærslu.
2. Starfsáætlun skólaársins – Fundartími kl. 16.00 dagana 14. nóv, 5. des, 30. jan, 20. mars og 15. maí. Samþykkt af öllum fundarmönnum.
3. Kosning ritara – GIS sér um að koma með tölvu inn á fundinn og skólaráðsmenn skipta með sér að rita fundargerð hverju sinni.
4. Skólastarfið sem af er hausti JM – Ráða þurfti inn 5 leiðbeinendur fyrir þetta skólaár– af þeim hafa 3 lokið B.Ed. gráðu og einn er að ljúka meistaranáminu eftir áramót. Skólastarfið fór ágætlega af stað. Starfsandinn mun betri en í fyrra en það er þungt í kennurum vegna samningsleysis.
5. Samræmd próf – Menntamálastofnun er ekki búin að senda út landshlutameðaltöl en miðað við raðtölu erum við undir landsmeðtali. Vonandi getur JM gefið betri upplýsingar á næsta fundi.
6. Ytra mat - Við erum að vinna úrbótaáætlun og á að skila henni í nóvember.
7. Umferðaröryggi og framkvæmdir á Baugshlíð/Höfðaberg – Staðan er sú að fyrirhuguðum framkvæmdum á Baugshlíð er lokið. Höfðaberg – „snúningshaus“ hefur ekki virkað eins og til stóð og var því fenginn hönnuður til að endurhanna hann, því verki er lokið en verktakinn er fastur í öðrum verkefnum svo það er óvíst hvenær þetta verður lagað. Lýsingu vantar við bílastæði starfsmanna suðvestur af byggingunni og kallað hefur verið eftir lagfæringum. Vonandi verður brugðist hratt við.
8. Fjárhagsáætlun 2017 - Farið í gegnum áætlunina og JM svaraði spurningum. Umræðum haldið áfram á næsta fundi.
9. Drög að skóladagatali 2017 – 2018. Þessi drög verða kynnt á starfsmannafundi á miðvikudag. Umræðan um vetrarleyfi - þetta ár er lagt til að það séu 3 dagar í október – misjafnar skoðanir á hvað vetrarfríið eigi að vera langt - Ferðanefnd er að athuga með námsferð í október svo vetrarleyfið yrði aðeins lengra en það er ekkert komið á hreint. Foreldraviðtöl – spurning hvort hægt sé að breyta forminu – mætti taka upp á deildarfundum hvort hægt sé að breyta og bæta þetta form.
10. Rýmingaræfing – það verður eldvarnarvika í næstu viku og slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefur valið einn skóla og þetta árið duttum við í lukkupottinn. Við erum að prófa að rýma stystu leið en ekki aðalinnganga.
11. Önnur mál – Afmæli skólans –Foreldrafélagið vill færa skólann gjöf – spurning hvað myndi nýtast skólanum sem best. JM fer í að skoða það og mun senda póst á starfsfólkið.

Fundi slitið 17.30

Fundarritari: Guðrún I. Stefánsdóttir

Skólaráðsfundur 14.11.2016

---

|

